

Aldursforsetinn hefur lifað í heila öld

Guðbjörg Eiríksdóttir í Steinsholti



Guðbjörg Eiríksdóttir í Steinsholti varð 100 ára þann 22 apríl síðastliðinn. Hún býr enn í sínu eigin húsi og unir hag sínum vel. Guðbjörg hefur allt sitt líf búið í Steinsholti. Hún hélt lengi heimili með bræðrum sínum Jóni og Sveini og rak með þeim myndarbú, en þeir eru báðir látnir.

Guðbjörg sem af sínu fólki er kölluð Bagga er elst allra íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Samkvæmt því sem vel fróðir heimildarmenn hafa bent á mun Bagga líklega vera fyrst Gnúpverja til að ná 100 ára aldri. En allnokkrir hafa komist nálægt því.

Við óskum afmælisbarninu innilega til hamingju með þennan merka áfanga.

Guðbjörg er hér til vinstri með Margréti systur sinni. Myndina tók Pálína Axelsdóttir Njarðvík.

Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu



SELÁSBYGGINGAR ehf
Reisum með reisn Sími: 894-4142

FJARSKIPTAFÉLAG
SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS



ljós@skeidgnup.is
Sigvaldi K. Jónsson: 863-4111
Jón Hákonarson: 669-0095

HUNDAFANGARI
RAGNAR SIGURJÓNSSON



859-9559

Söngsveitin Tvennir tímar í messu í Stóra-Núpskirkju



Sunnudaginn 5. maí sl. mætti sönghópurinn Tvennir tímar ásamt stjórnanda sínum Stefáni Þorleifssyni í messu í Stóra-Núpskirkju. Hafði kórinn umsjón með tónlistarluta messunnar og söng þau ýmis lög með ljúfum boðskap er átti vel við athöfnina og ekki síst við ræðu sr. Óskars Hafsteins Óskarssonar. Þetta var notaleg stund á fallegum og björtum vordegi í hlýrri sveit..

Minningarkort Stóra Núpskirkju
fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur: 486-6017

Minningarkort Ólafsvallakirkju
fást hjá
Guðjóni Vigfússyni: 896-5736

Fögrusteinar



Siggi: 894-1130
fogrusteinar@fogrusteinar.is

We serve what we grow



FLÚÐA SVEPPIR
FARMERS BISTRO
booking@farmersbistro.is - S. 519-0808
www.farmersbistro.is

Nýr starfsmaður þjónustustöðvar Skeiða- og Gnúpverjahrepps



Bjarni Jónsson hefur verið ráðinn forstöðumaður þjónustustöðvar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Hann hefur þegar tekið til starfa. Meðal verkefna hans verða umsjón með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins og eignum þess, Hann mun hafa yfirumsjón með sorpþjónustu, auk tilfallandi verkefna. Þar meðtalin smíða og viðhaldsverkefni. Að auki mun hann taka að sér hlutverk öryggisfulltrúa sveitarfélagsins. Bjarni er húsasmíðameistari að mennt, með byggingastjóraréttindi. Auk þess hefur hann lokið stjórnunarmenntun frá Endurmennt-

unarstofnun HÍ. Bjarni hefur viðtæka reynslu úr sinni iðngrein, auk stjórnunarreynslu. Hann var meðal annars fjármálastjóri hjá Krafti hf um átján ára skeið. Bjarni sextugur að aldri, fæddur 1959 og er Lilja Svavarsdóttir eiginkona hans. Þau eiga þrjú uppkomin börn. Heimili þeirra er í Reykjavík, en þau huga að búferlaflutningum hingað í Skeiða- og Gnúpverjahrepp innan tíðar.

Bjarni er boðinn velkominn til starfa. Góðs er að vænta af störfum hans í þágu sveitarfélagsins

Sveitarstjóri



Gæsirnar hans Davíðs

4 gæsabringur

Sveppir

Laukur

Smjör

Ritz kex

Kartöflur

Hakka þarf bringurnar.

Byrjað á því að steikja sveppina og laukinn uppúr smjöri.


Því er því blandað í hakkið ásamt kexinu og búnar til bollur.

Bollurnar eru steiktar á pönnu og auðvitað uppúr slatta af smjeeri.

Gott er að hafa sætar kartöflur með bollunum og brúna sósu.

Einfalt en gott og ég skora á Óla Frey að koma með einhverja snilld handa okkur

Kveðja, Davíð Óskar Davíðsson



NESLAUG

Sími: 486-6117



Miðvikudaga: 17-22

Laugardaga: 13-18



SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500



Mánudaga: 18-22

Fimmtudaga: 18-22

Umsjónarmaður:

Eypór Brynjólfsson s: 897-1112 eythorb@gmail.com

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Árnesi 801 Selfoss

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15 og föstudaga: 9-12

Sími: 486-6100, netfang: skeidgnup@skeidgnup.is

Sveitarstjóri:

Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

Oddviti: Viðtalstími miðvikudaga kl 13-16

Björgvin Skafti Bjarnason
895-8432 oddviti@skeidgnup.is

Bókhalds- og launafulltrúi: Þuríður Jónsdóttir

486-6104 dudda@skeidgnup.is

Ritari & vefumsjón: (í veikindaleyfi til 1. ágúst nk.)

Kristjana H. Gestsdóttir, 486-6105 kidda@skeidgnup.is

Áhaldahús/Þjónustustöð

Ari Einarsson
893-4426 ari@skeidgnup.is
Bjarni Jónsson
892-1250 bjarni@skeidgnup.is

Leikskólinn Leikholt

486-5586, leikholt@leikholt.is
Leikskólastjóri: Elín Anna Lárusdóttir 895-2995

Þjórarskóli

Sími 486-6000
Skólastjóri: Bolette Hæg Koch
486-6051 & 895-9660 bolette@thjorsarskoli.is



VATNSLEIKFIMI

Fyrir alla 60 ára og eldri
í Skeiða- og
Gnúpverjahreppi.

Mánudaga kl. 16:30
í Skeiðalaug.



Fréttir frá Þjórarskóla

Litla upplestrarkeppnin

Fimmtudaginn 11. apríl var 4. bekkur með Litlu upplestrarkeppnina en hún byggir á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrarkeppnin sem 7. bekkur tekur þátt í. Rétt er að undirstrika það að hugtakið keppni í



þessu tilviki felur ekki í sér að keppa við aðra, heldur að verða betri í lestri í dag en í gær. Keppnin er haldin af frumkvæði áhugafólks um íslenskt mál í samstafi við skólaskrifstofur, skóla og kennara.

Litla upplestrarkeppnin fór þannig fram að allir nemendur í 4. bekk lásu ljóð, sögur og málsættir. Höfundar texta sem lesinn var eru meðal annars Þórarinn Eldjárn, Ólafur Haukur Símonarson, Vilborg Dagbjartsdóttir og Kristján Hreinsson. Tvö tónlistaratriði voru en Eyrún Huld nemandi í 6. bekk spilaði á fiðlu og Sigurjón Tristan nemandi í 4. bekk spilaði á gítar. Fulltrúar skólans í Stóru upplestrarkeppninni Þórhildur og Sólís lásu einnig ljóð sem þau fluttu í þeirri keppni.



Páskaferð í skóginn



Síðasta skóladag fyrir páskafrí fórum við í skóginn þar sem unnið var á fjórum stöðvum, sem voru skipulagðar og stjórnað af nemendum í 5. – 7. bekk. Í undirbúningi var farið yfir með nemendum það helsta sem þeim fannst standa upp úr í verkefnum í skóginum undanfarin ár og sem þau treystu sér til þess að kenna yngri nemendum. Þeim var síðan skipt í hópa eftir viðfangsefnum



þar sem þau undirbyggðu og skipulögðu verkefni. Stöðvarnar voru: tálgunarstöð, myndverk í náttúr- unni, spurningaleikir og kofabygging. Kennarar voru til stuðnings á stöðvunum og aðrir fylgdu yngri nemendum á milli stöðva.

5. bekkur lærði jafnframt að kveikja eld og aðstoða við morgunkaffið. Í lokin var sungið og leitað að páskaeggjum.



Leikskólinn Leikholt



Hér í Leikholti eru allir mjög glaðir með að fá betra veður og eru börnin búin að fara þó nokkra göngutúra, ruslaleiðangra og meira af starfinu fært út í garð.

11. apríl 2019 var Árshátíð Leikhólts haldin og gekk hún mjög vel og komu margir góðir gestir að horfa á börnin syngja og leika. Þetta árið var dýraþema sem mátti sjá og heyra á leikritunum og söngvavali.

Við höldum áfram skipulögðu starfi en förum að færa það meira út og nýta maí og júní til útiveru og njóta vonandi góðs veðurs.

Myndirnar eru frá árshátíð og úti-veru.

Kærar útikveðjur frá öllum í Leikholti.



Gámasvæðin



Opnunartími:

Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Fata- & dýragámar eru opnir allan sólarhringinn

Tekið er við garðaúrgangi úr jurtaríkinu í Skafttholti alla daga (Til vinstri á heimreið)

Áburðarpokar eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt en innra byrðið fer í almennt sorp.

Ekki er tekið við þessari vöru óflokkaðri.

Gjaldskyldur úrgangur: Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Timbur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot.

Annar grófur úrgangur. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur: Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint). Bylgjupappi. Dagblöð/tímarit/pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar. Raftæki.

Umsjónarmaður: Bjarni Jónsson GSM: 892-1250
Netfang: bjarni@skeidgnup.is



HEILSUGÆSLUSTÖÐIN LAUGARÁSI



432-2770

Opið virka daga kl. 8-16

Símatímar lækna kl. 9-10 & 13-14

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9
í síma 432-2020.

Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi. Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.

María Kristjánsdóttir forstöðumaður maria@hveragerdi.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180

Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ Í 112

Molar úr fundargerðum 19 (17. apríl) og 20 (2. maí)

Fundargerð 19

1. Lögð fram tilboð frá nokkrum aðilum um íbúðir til sveitarfélagsins.

Auglýst var eftir aðilum sem vilja selja sveitarfélaginu íbúðir. Tilboð bárust frá eftirtöldum aðilum: Hrafnshóli ehf, Selásbyggingum ehf, Tré og straumi ehf, Prándarholt sf. og frá óstofnuðu félagi fyrir hönd Guðna Vilbergs Baldurssonar og Árna Svavarssonar. Lagðar voru fram upplýsingar um íbúðirnar og verð þeirra. Samþykkt að kaupa tvær íbúðir. Eina í Árneshverfi og aðra í Brautarholtshverfi. Samþykkt að ganga til samninga við Prándarholt sf og Tré og straum ehf um kaup á íbúðum, í ljósi þess að tilboð þeirra eru hagstæðust að mati sveitarstjórnar. Sveitarstjóra falið að leggja fram samninga þar að lútandi fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

2. Sveitarstjóri lagði fram rekstrarýfirlit yfir janúar til mars 2019. Samhliða fjárhagsáætlun. Rekstur er í jafnvægi. Auk þess var lögð fram áætlun um sjóðsstreymi frá 17. apríl til 31. júlí.

Lagður fram viðauki við fjárfestingaáætlun. Hækkun vegna kaupa á íbúðum um 32mkr eftir hækkun er gert ráð fyrir 59mkr til þess verkefnis. Hækkun mætt með lækkun á handbæru fé 5mkr og lántöku 27mkr.

Lagður fram viðauki vegna ráðningar starfsmanns í þjónustustöð 6,35mkr.

Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna aðkeyptrar þjónustu og vinnu lækki sem þeirri fjárhæð nemur.

Viðaukar samþykktir samhljóða

Sveitarstjóri óskaði eftir að heimild til töku yfirdráttarláns verði framlengd frá 30. apríl – 1. ágúst 2019, allt að 20 mkr. Ástæður eru útgjöld vegna framkvæmda á næstu mánuðum.

Samþykkt samhljóða.

3. Auglýst var í héraðsmiðlum eftir leigutökum og rekstraraðilum að Hólaskógi. Umsóknarfrestur rann út 15. apríl. Ein umsókn barst. Hún kom frá Rauðakambi ehf. Í umsókninni kemur fram að Rauðikambur ehf hyggist nýta núverandi mannvirki og reisa fleiri byggingar til að mæta óskum ferðamanna um gistingu, veitingar og afþreyingu.

Samþykkt að ræða við fulltrúa Rauðakambs vegna umsóknarinnar og óska eftir ítarlegri upplýsingum um hugmyndir um reksturinn.

4. Sveitarstjóri lagði fram drög að samningi við Eyþór Brynjólfsson

um resktur Skeiðalaugar. Samningsdrög samþykkt og sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

5. Lögð voru fram drög að ársreikningi ársins 2018. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi fór yfir ársreikninginn og helstu stæðir reikningsins. Samþykkt að vísa ársreikningnum til síðari umræðu.

6. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi lagði fram og fór yfir endurskoðunarskýrslu Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2018. Ekki voru gerðar athugasemdir við skýrsluna.

7. Kynning á starfsemi Öldu - félags um sjálfbærni og lýðræði. Guðmundur Haraldsson og Sævar Finnogason fulltrúar Öldu - félags um sjálfbærni mættu til fundarins og sögðu frá verkefnum félagsins. Þau snúa að ýmsum samfélagslegum umbótamálum, svo sem áherslu á styttingu vinnuviku.



Fundargerð 20

1. Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2018. Sveitarstjóri lagði fram ársreikning 2018 til síðari umræðu. Samhliða lögð fram sundurliðunarbók. Helstu niðurstöður ársreiknings eru eftirfarandi.

Rekstrarniðurstaða samstæðu eða A og B hluta er jákvæð um 114,4 milljónir króna. Um talsverðan afkomubata er að ræða frá fyrra ári.

Rekstrareikningur: Heildartekjur A og B hluta námu 794,5 milljónum króna. Þar af námu skatttekjur 794,5 mkr. Rekstrargjöld fyrir afskriftir námu 646,2 mkr. Þar af laun og launatengd gjöld 273,2 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði (framlegð) 148,3 mkr. Fyrir A hluta 133 mkr. Afskriftir námu 25,5 mkr og fjármagnsliðir voru neikvæðir um 7,9 mkr. Samkvæmt Efnahagsreikningi eru eignir samstæðu metnir á samtals 990,1 mkr. Fastafjármunir 891,7 mkr. Veltufjármunir 98,4 mkr. Langtímaskuldir námu 149,8 mkr. Eigið fé nam 763,2 mkr. Fjárfest var á árinu í varanlegum rekstarfjármunum fyrir 122,3 mkr. Eiginfjárlutfall 79,2%. Skuldahlutfall 26,6%. Skuldaviðmið

4,5%. Veltufé frá rekstri 18,1%. Eigið fé á íbúa 1.248 þkr. Skuldir á íbúa 327 þkr. Skatttekjur á íbúa 1.081 þkr. Fjöldi stöðugilda 28. Sveitarstjóri fór yfir helstu stærðir ársreikningsins. Nokkrar umræður urðu um hann og einstaka málaflokka. Sveitarstjórn fagnar góðri afkomu sveitarfélagsins á árinu 2018. Ársreikningur samþykktur samhljóða og undirritaður af sveitarstjórn í framhaldinu.

2. Aðalskipulag Skeiða og Gnúpverjahrepps Viðbrögð við bréfi skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn sendi drög að aðalskipulagi sveitarfélagsins 2017-2029 til Skipulagsstofnunar 16. janúar sl. Lagt var fram bréf frá Skipulagsstofnun dags 14. mars sl. þar sem fram koma viðbrögð stofnunarinnar við drögunum. Bréfið er undirritað af Hafðís Hafliðadóttur og Birnu Árnadóttur. Skipulagsstofnun staðfestir að farið hafi verið yfir drög aðalskipulagsins. En með drögunum bárust umsagnir frá nokkrum stofnunum. Skipulagsstofnun bendir á að útskýra þurfi betur eftirtalda kafla í drögum að aðalskipulaginu: Samræmi við Landsskipulagsstefnu 2015-2026, íbúðabygging í dreifbýli og þéttbýli, frístundabygging, heimild til veitinga- og gistinguþjónustu í frístundabygging og í þéttbýli, landbúnaðarsvæði og skógrækt, svæði fyrir verslun og þjónustu, mat á áhrifum stefnu um byggingu á vistgerðir og jarðsminjar sem njóta verndar, iðnaðarsvæði, stakar framkvæmdir í byggingu, efnistaka, samgöngur og vegir í náttúru Íslands í byggingu og á hálendi, rafveitur, verndarsvæði og minjar í byggingu og á hálendi, afþreyingar- og ferðaþjónustusvæði á miðhálandinu, stakar framkvæmdir á miðhálandinu, verslun og þjónusta í þéttbýli og skýringaruppdrætti.

Gísli Gíslasyni skipulagsráðgjafa var falið að semja drög að uppfærslu á greinargerð um aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 þar sem fram komi viðbrögð við athugasemdum Skipulagsstofnunar. Gísli sat ásamt Inigbjörgu Sveinsdóttur frá Eflu vinnufund með sveitarstjórn. 25. mars sl. þar sem lögð voru fram drög að breytti greinargerð um aðalskipulagið. Drögin lögð fram. Drög samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda drögin til Skipulagsstofnunar.

3. Nýtt vegstæði að Hjalparfossi; Tilkynning til ákvörðunar um matskyldu-flokkur C. Axel Valur Birgisson f.h. Landsvirkjunar leggur fram tilkynningu til Skeiða- og Gnúpverjahrepps um matskyldu í flokki C, í samræmi við lög um mat

á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Framkvæmdin er talin falla undir t.l. 10.10 og 2.04 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, svokallaðan C-flokk, og sé því tilkynningarskyld til sveitarfélagsins til ákvörðunar um matsskyldu. Jafnframt er óskað eftir framkvæmdaleyfi vegna uppbyggingar og færslu vegarins.

Lýsing framkvæmdar:

Í tengslum við framkvæmdir við stækkun Búrfellsvirkjunar (Búrfellsvirkjun II) þurfti hluti efnisflutninga að fara eftir núverandi Hjalparvegi (frá Þjórsárdalsvegi að Hjalparfossi). Eftir að framkvæmdum við virkjunina lauk var ljóst að vegurinn þurfti endurbóta við og eftir samkomulag við sveitarfélagið Skeiða og Gnúpverjahrepp var ákveðið að ráðast í endurbætur á veginum og gera hann jafnframt í leiðinni að heilsársvegi eða vegi samkvæmt vegflokki C7 (tengivegur) í flokkun Vegagerðarinnar. Tillaga að nýrri veglínu gerir ráð fyrir lágmarks umhverfisraski á svæðinu þar sem forðast er að fara yfir gróðurbelti og gervigiga eins og kostur er. Núverandi vegur verður að lokum jafnaður út og svæðið lagað til eftir framkvæmdir. Aðgengi að Hjalparfossi verður tryggt á framkvæmdatíma og umferð veitt um hjáleid. Leyfi Vegagerðarinnar vegna framkvæmdanna liggur nú þegar fyrir, frá desember 2018. Leyfi liggur fyrir frá Forsætisráðuneyti vegna Þjóðlendna. Samráð hefur verið haft við Minjastofnun og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Og verður náði samráð haft við Minjavörð Suðurlands á framkvæmdatíma.

Bókun:

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur að Landsvirkjun hafi með tilkynningu um matskyldu í fl. C, og þeirri greinargerð sem fylgdi með, gert nægilega grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar, líklegum umhverfisáhrifum og aðgerðum sem stefnt er að til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Þó að um uppbyggingu an veg sé að ræða þá muni sjónræn áhrif verða hverfandi þegar fram líða stundir. Færsla vegarins er talin vera óveruleg. Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er framkvæmdin ekki talin af þeirra stærðargráðu að hún kalli á mat á umhverfisáhrifum Sveitarstjórn samþykkir framkvæmdina samhljóða.

4. Færsla brúar við Sultartanga. Tilkynning til ákvörðunar um matskyldu-flokkur C

Axel Valur Birgisson f.h. Landsvirkjunar leggur fram tilkynningu til Skeiða- og Gnúpverjahrepps um matskyldu í flokki C, í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Framkvæmdin er talin falla undir tl. 10.10 og 2.04 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, svokallaðan C-flokk, og sé því tilkynningarskyld til sveitarfélagsins til ákvörðunar um matsskyldu.

Jafnframt er óskað eftir framkvæmdaleyfi vegna uppbyggingar og færslu vegar auk byggingu brúar.

Lýsing verkefnis: Við reglulegt eftirlit með frárennslisskurði Sultartangastöðvar hefur komið í ljós hrun úr hraunlagi á bökkum skurðarins og skemmdir á steypu á afmörkuðu svæði rétt ofan við núverandi brú, undir brúnni og nokkur hundruð metra niður fyrir hana. Alvarlegustu skemmdirnar eru taldar vera undir brúnni, einkum að norðanverðu (á eystri bakka). Hægt er að styrkja bakkana með bergboltum, víkka skurðinn staðbundið og hreinsa laust grjót úr skurðbotni. Ekki er mögulegt að beita þeirri aðferð á kaflanum við sjálft brúarstæðið.

Vegna þessa hefur verið til athugunar að byggja nýja brú um 95 metrum ofar í skurðinum og tengja þá brú með samtals um 1 km löngum vegi, sambærilegum og nú-

verandi vegi (veggerð C7). Við það skapast aðstæður til að gera við framangreindar skemmdir og hreinsa skurðinn af grjóti og mól án þess að stöðva þurfi rennsli í skurðinum og rekstur Sultartangastöðvar, sem annars þyrfti og tryggja jafnframt öryggi brúarinnar til lengri tíma lítið.

Tilgangur og markmið framkvæmdarinnar er að færa núverandi brústæði yfir Sultartangaskurð, byggja nýja brú og leggja nýjar vegtengingar svo hægt sé að gera nauðsynlegar viðgerðir á bökkum

Sultartangaskurðar og um leið að tryggja öryggi brúarinnar yfir skurðinn til lengri tíma. Fyrir liggur að Landsvirkjun hefur haft samráð við Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Fiskistofu, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Vegagerðina. Fyrir liggur samþykki Vegagerðarinnar frá desember 2018, auk leyfis frá Forsætisráðuneyti. Þá hefur verið haft samráð við Skipulagsstofnun vegna hugsanlegrar matsskyldu. Náð samráð verður haft við Minjavörð Suðurlands á framkvæmdatíma.

Bókun: Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur að Landsvirkjun hafi með tilkynningu um matskyldu í fl. C, og þeirri greinargerð sem fylgdi með, gert nægilega grein fyrir helstu fram-

kvæmdaþáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar, líklegum umhverfisáhrifum og aðgerðum sem stefnt er að til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Ljóst er að nauðsynlegt er vegna skemmda í núverandi brú og frárennslisskurði að fara í ofangreindar framkvæmdir, þ.e. færslu á vegi og byggingu nýrrar brúar.

Það er mat skipulagsnefndar/sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að færsla vegarins og bygging brúar sé talin vera óveruleg og verður nýtt vegstæði fært inn á aðalskipulagsupprátt í endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins sem nú er til skoðunar hjá Skipulagsstofnun.

Að mati Sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er framkvæmdin ekki talin af þeirra stærðargráðu að hún kalli á mat á umhverfisáhrifum. Sveitarstjórn samþykkir framkvæmdina samhljóða.

5. Lögð fram fundargerð oddvitanefndar uppsveita Árnessýslu frá 10.04.2019 ásamt ársreikningi nefndarinnar 2018. Lið nr. 2 í fundargerð varðar fjármal og tillögu um útgreiðslu til aðildarsveitarfélaga úr sjóði Laugarás-læknishéraðs. Oddvitanefnd leggur til við sveitarstjórnir að greiddar verði út 30mkr úr sjóði læknishéraðsins til aðildarsveitarfélaganna í samræmi við skiptingu efnahagsreiknings. Hlut-

ur Skeiða- og Gnúpverjahrepps er 24,9% eða 7.470.000 kr.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti tillögu oddvitanefndarinnar. Tekið verður tillit til innkomu fjármunanna í viðauka við fjárhagsáætlun.

6. Lagður fram tölvupóstur frá Bjarna Guðmundssyni framkvæmdastjóra SASS, þar sem óskað er eftir tilnefningu tveggja fulltrúa og eins til vara í nefnd um svæðisskipulag suðurlandensins. Samþykkt samhljóða að tilnefna Björgvin Skafta Bjarnason og Ingvar Hjálmarsson sem aðalfulltrúa og Önnu Sigríði Valdimarsdóttur til vara.

7. Lögð fram og kynnt fundargerð frá Umhverfisnefnd dagsett 8. apríl sl. Í fundargerðinni er lögð áhersla á að Gjánni í Þjórsárdal verði lokað sem fyrst til að draga úr frekari gróðurskemmdum. Auk þess er fjallað um mörk friðlýsingarsvæðis. Talsverðar umræður urðu um efni fundargerðarinnar. Einkum lokun Gjárinna. Anna María Flygenring fulltrúi Grósku lagði mikla áherslu á að lokun Gjárinna yrði framkvæmd sem allra fyrst. Samþykkt að vísa frekari umræðum til fundar í friðlýsingarteymi um Þjórsárdal. Fundargerð staðfest.

Allar fundargerðir má finna á www.skeidgnup.is

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður:

Kristófer A. Tómasson

Umsjón og umbrot:

RS-útgefán/Stefán Þorleifsson

Heimasíða: www.skeidgnup.is

Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Bláðinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Upplag: 360 eintök.

Skilafrestur í næsta blað er:
fimmtudaginn 5. júní
Útgáfudagur er viku síðar.

frettabref@skeidgnup.is



Vinnuskólinn 2019



Ungmönnum, með lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem fædd eru 2004 og 2005 gefst kostur á að starfa í Vinnuskóla

sveitarfélagsins í sumar. Vinnuskólinn hefst 5. júní og stendur í um það bil 9 vikur eða til og með 1. ágúst. Unnið verður fjóra daga í hverri viku, mán.-fim. kl. 08-14. Skylt er þó að taka frí eina viku á tímabilinu.

Hámarksfjöldi vinnufólks í einu er átta. Ef fjöldi vinnufólks verður meiri, verður starfstíminn skipulagður með það í huga. Í ágúst gefst þeim kostur sem hafa áhuga, að vinna eftir þörfum og samkomulagi.

Heitur matur er framreiddur í hádeginu en koma þarf með nesti í kaffitíma fyrir hádegi.

Umsóknarfrestur er til 15. maí

Skráning fer fram hjá Ara Einarssyni umsóknarmanni vinnuskólans, ari@skeidgnup.is sími 893-4426 eða á skrifstofu sveitarfélagsins: Netfang: skeidgnup@skeidgnup.is sími 486-6100.



Árshátíð nemenda í 1.-7. bekk í Flúðaskóla skólárið 2018-2019



Miðvikudaginn 3. apríl héldu nemendur í 1.-7. bekk í Flúðaskóla árshátíðina sína. Í ár var það leikritið „Áfram Latibær“ eftir Magnús Scheving sem þeir tóku sér fyrir hendur. Leikgerðin er að mestu leyti eftir Ásgrím Inga Arngrímsson en var örlítið stílfærð og sérsniðin að okkar nemendum. Leikverk þetta



er stórt og mikið og má með sanni segja að nemendur hafi flutt það með miklum sóma, með dyggri aðstoð kennara sinna. Í Latabæ búa sannkölluð leitiblöð eins og nafn bæjarins gefur til kynna. Þó stendur til að halda þar íþróttahátíð og bæjarstjórninn vinnur hörðum höndum að því að fá bæjarbúa til að taka

þátt. Í Latabæ búa litríkar og ólíkar persónur. Það var mjög gaman að fylgjast með nemendum á ólíkum aldursstigum takast á við þá sköpun. Allir nemendur sýndu verkefninu mikinn áhuga og jákvæðni, voru alltaf tilbúnir að taka æfingu, redda búningum eða koma með hugmyndir fyrir leikritið. Það er sannarlega mikið nám búið að fara fram á þeim þremur vikum sem undirbúningurinn stóð yfir. Við erum sannarlega stolt af okkar fólki.



Þessa leikritsins fer vel saman við Heilsuefandi samfélag, verkefni sem sett verður formlega í Hrunamannahreppi í lok maí.

Stjórnendur Flúðaskóla



Getraunanúmer Ungmennafélags Skeiðamanna
Við styðjum UMF Skeið með þátttöku okkar! **799**

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja
Við styðjum UMFG með þátttöku okkar! **802**

Fréttir frá æskulýðsstarfi Smára og Loga



Mikið hefur verið að gerast í æskulýðsstarfinu í vetur. Í febrúar byrjaði reiðnámskeið sem var haldið í reiðhöllinni á Flúðum, alls tóku 19 krakkar þátt og kennari var Anna Kristín Friðriksdóttir. Þettu voru 6 skipti og endaði námskeiðið með glæsilegri og skemmtilegri sýningu þar sem foreldrar fengu að sjá hvað krakkarnir höfðu lært í vetur.

byrjendanámskeið fyrir börn og innifalið var hestur og reiðtygi. Hentar þetta fyrirkomulag vel fyrir krakka sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennskunni. Alls voru þetta fjögur skipti og 16 krakkar sem tóku þátt. Kennari var Elin Moqvist.



Við viljum líka minna á reiðnámskeið í Hrísholt 10-14 júní. Brokk og Skokk 16 júní. Fjölskylduferð með gistingu í Fossnes 22 júní.



Samhliða námskeiðinu var Æska Suðurlands sem er mótaröð fyrir ungt fólk sem hestamannafélög á Suðurlandi standa fyrir. Fyrsta keppnin var haldin á Flúðum og var keppt í þrigangi, fjörgangi og smala. Önnur keppnin var haldin á Hellu og þar var keppt í fjörgangi, fimm-gangi og hindrunarstökki. Þriðja og síðasta keppnin var á Selfossi og þar sem keppt var í tölti og fimi. Börnin frá Loga og Smára stóðu sig öll mjög vel.

Í apríl var svo haldið reiðnámskeið, Hestaskóli á Húsatóftum. Það er



Læt nokkrar skemmtilegar myndir fylgja með.

Fyrir hönd æskulýðsnefnd Smára og Loga, Elin Moqvist.



Fréttabréf Skeiða- & Gnúpverjahrepps

breytingar á útgáfu

Það hefur ekki farið fram hjá lesendum Fréttabréfs Skeiða- & Gnúpverjahrepps að blaðið hefur fengið nýtt útlit frá hausti sl. Umsjón blaðsins er nú í höndum RS-útgáfunnar sem hefur komið að blaðaútgáfu frá árinu 2001.

Nýjar áherslur í útgáfunni geta verið umdeildar og alltaf eru einhver atriði sem ekki henta öllum en sé litið á heildarmyndina þá hefur þessi breyting gefist vel.

Enn ein breyting er sú að blöðum fækkar úr 11 niður í 10 á ári. Fréttabréfið mun sumse vera í sumarfríi bæði í júlí og ágúst. Önnur breyting er sú að nú færast skilafrestur á fimmtudagskvöld í stað föstudags.

Hér eru áætlaðir útgáfudagar fréttabréfsins fram að áramótum þó með fyrirvara um ófyrirsjáanlegar breytingar.

Júní
Skil á efni 6. júní

Júlí
engin útgáfa

Ágúst
engin útgáfa

September
Skil á efni 5. september

Október
Skil á efni 3. október

Nóvember
Skil á efni 31. október

Desember
Skil á efni 5. desember

Skilafrestur í næsta blað er:
fimmtudaginn 6. júní
Útgáfudagur er viku síðar.

frettabref@skeidgnup.is

Firmakeppni Smára



Firmakeppni Smára var haldin 1. maí. Þátttaka var mjög góð eða um 60 skráningar, enda veðrið gott og fjölmenntu félagar til þess að taka þátt eða horfa á. Stjórn Smára vill þakka öllum þeim sem keyptu firma í ár fyrir þeirra stuðning. Dómurunum þeim Birgittu Bjarnadóttur og Þorgeiri Ólafssyni. Þulnum Sigurði í Skollagróf, hollvinum og öllum þeim sem lögðu hönd á plóg til þess að hjálpa okkur með þessa Firmakeppni. Gaman var að sjá góða þátttöku í öllum flokkum og var hestakosturinn mjög góður. Í lok móts bauð hestamannafélagið upp á grillaðar pylsur og fóru allir saddir og sáttir heim í vorblíðunni. Stjórn Smára þakkar fyrir góðan dag og hlökkum til þess að sjá ykkur öll að ári

Úrslit Firmakeppni Smára 2019

Barnaflokkur

- 1.sæti Aron Mímír Einarsson
- 2.sæti Friða Rún Eiríksdóttir
- 3.sæti Darri Steinn Einarsson
- 4.sæti Svana Hlín Eiríksdóttir

Unglingaflokkur

- 1.sæti Aron Ernir Ragnarsson
- 2.sæti Þorvaldur Logi Einarsson
- 3.sæti Þórey Þula Helgadóttir
- 4.sæti Melkorka Gunnarsdóttir

Ungmennaflokkur

- 1.sæti Thelma Dögg Tómasdóttir
- 2.sæti Anne Sofie
- 3.sæti Sophie Dölchner
- 4.sæti Rebekka Simonsen

Kvennaflokkur

- 1.sæti Rósa Birna Þorvaldsdóttir
- 2.sæti Kristín Magnúsdóttir
- 3.sæti Berglin Ágústadóttir
- 4.sæti Erna Óðinsdóttir
- 5.sæti Elisabet Thorsteinsson

Karlaflokkur

- 1.sæti Helgi Kjartansson
- 2.sæti Tómas Örn Tómasson
- 3.sæti Jón Bjarnason
- 4.sæti Einar Logi Sigurgeirsson
- 5.sæti Bjarni Birgisson

Heldri manna og kvenna flokkur (50+)

- 1.sæti Elsa Ingjaldsdóttir
- 2.sæti Ása María Ásgeirsdóttir
- 3.sæti Guðbjörg Jóhannsdóttir
- 4.sæti Grímur Guðmundsson
- 5.sæti Unnur Lía Schram

Skeið

- 1.sæti Jón William Bjarkarson
- 2.sæti Bjarni Birgisson
- 3.sæti Aron Ernir Ragnarsson
- 4.sæti Elisabet Thorsteinsson

Tígulstjarna frá Bakka – Miðfellshestar, Adda og Einar Logi
Selja frá Vorsabæ – Fögrusteinarn
Muggur frá Kaldbak – Hænsnahöllin Húsatóftum
Gjóska frá Vorsabæ – Ólafsvellir ehf

Váli frá Efra-Langholti - Verslunin Árborg
Stjarni frá Dalbæ – Hrossaræktunarbú Hlemmsikeiði 3
Gjálþ frá Hvammi – Selásbyggingar ehf
Náma frá Gvenstang – Nagdýraræktun Svönu og Friðu

Elísa frá Húsavík – Björgvin Ólafsson frá Bala
Hnjúkur frá Vorsabæ 2 – Þrándarholt sf
Rás frá Ármóti – Skeiðháholt 3 ehf
Elding frá Tjarnarkoti – Gröfutaekni

Hrönn frá Hlemmsikeiði – Túnsbergsbúið
Sirkus frá Garðshorni – Hrossaræktunarbúið Kálfhóli 2
Ísar frá Efra-Langholti – Ingvar og Svala Fjalli
Sólon frá Völlum – Boletta Hæli
Hrönn frá Hörgslandi – Rekthóll ehf

Kraki frá Hvammi – Hlemmsikeið 2 ehf
Dúett frá Torfunesi – Land og Hestar
Aría frá Skippholti 3 – Ferðapjónustan Steinsholti
Saga frá Miðfelli – Secret local adventures
Urriði frá Blesastöðum 2a – Ásólfstaðir hollyday home

Þrymur frá Langholti – Stefán Jónsson Hrepphólum
Blæja frá Kaldbak – Fannborg, hálendismiðstöð Kerlingarfjöll
Teigur frá Ásatúni – Fossi ehf
Dáð frá Ásatúni – Kópvatnsbúið
Fornadís frá Fornustöðum – Urðarholt hrossarækt

Vaka frá Ásbrún – Tómas Þórir Jónsson
Stormur frá Reykholti – Halla og Bikki Hæli
Bið frá Nýja-Bæ – Sauðakofinn Fossnesi
Hrönn frá Hörgslandi – Kjöt frá Koti

Pollaflokkur

Ragna Magrét Larsen, Byllur 23 v.
Guðmundur Jóhann Aðalsteinsson,
Prinsessa 15 v.
Sindri Þór Stefánsson, Elísa 6v.
Filip Ingvi Stefánsson, Krummi 15 v.
Páll Axel Axelsson, Varða 10 v.
Svava Marý Þorsteinsdóttir, Spuni 17 v.
Hildur Kristín Gísladóttir, Hekla 15 v.



SMÁRI





www.hruni.is

facebook.com/hrunaprestakall

Kæru sveitungar.

Um leið og ég óska ykkur gleðilegs sumars vil ég minna á fermingar- og hátíðarmessur á uppstigningardag og um hvítasunnu.

30. maí – uppstigningardagur:

Ferming í Ólafsvallakirkju kl. 11. Fermdar verða Guðrún Hulda Hauksdóttir, Ásastíg 7 Flúðum og Rebekka Georgsdóttir, Ólafsvöllum.

Messa í Skálholtskirkju kl. 14 á degi eldri borgara.

9. júní – hvítasunnudagur:

Hátíðarmessa og ferming í Stóra-Núpskirkju kl. 11. Fermd verða frændsystkinin frá Hæli, þau Bryndís Einarsdóttir og Eiríkur Logi Gunnarsson.

Ferming í Hrunakirkju kl. 13.30. Fermd verða:

Anna María Magnúsdóttir Balusanu, Högnastíg 4 Flúðum

Birgir Valur Thorsteinsson, Garðastíg 7 Flúðum

Eyrún Hjálmarasdóttir, Austurhófi 5 Flúðum

Matthildur Sif Pálsdóttir, Árbæ

Óðinn Freyr Árnason, Vesturbrún 6 Flúðum

Patrik Gústafsson, Syðra-Seli 3

Sveinn Jökull Sveinsson, Hrafnkelsstöðum 2

Að lokum minni ég á heimasíðu prestakallsins hruni.is og fésbókarslóðina, facebook.com/hrunaprestakall.

Óskar Hafsteinn Óskarsson sóknarprestur

Leikholt og samstarf við Landvernd

Hob's Adventure - hands on biodiversity

Haustið 2018 var Leikholti boðið að taka þátt í 2ja ára samstarfsverkefni á vegum Landverndar sem heitir Hob's Adventure – hands on biodiversity. Verkefnið styrkt af Erasmus+, samstarfsáætlun ESB og taka 3 önnur lönd þátt og hófst það haustið 2018 og stendur til hausta 2020. Verkefnið gengur út á það að þróa og prófa námsefni fyrir 5-9 ára börn í tengslum við lífbreytileika (pöddur, plöntur, dýr og vistkerfi) í samstarfi við Grænfánaskóla (bæði leik- og grunnskólar) í Eistlandi, Lettlandi og Slóveníu. 11 skólar á Íslandi taka þátt í verkefninu. Þema verkefnisins er „pottaplöntur“ og er áhersla m.a. lögð á að færa ræktunarstarfið inn í kennslustofurnar með ræktun pottaplantna en einnig að auka útikennslu og úti-veru. Auk þessa er einnig lögð mikil áhersla á að kennarar og börn nýti sér hjálp tækninnar í verkefninu. Aðalatriðið er að nemendur taki þátt, læri um, upplifi og uppgötví lífríkið í sínu nágrenni.



Ætlunin er að hvert land leggi til a.m.k. 9 verkefni og kennslu-áætlanir í verkefnabankann, í lokin



ættu því að vera a.m.k. 36 verkefni fyrir skóla til að velja úr. Verkefnin verða gefin út á rafrænu formi á þessum 4 tungumálum auk ensku.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Þátttakendur verkefnisins hittust í Lettlandi í febrúar og heimsóttu þátttökuskólana þar. Það sem vakti mikla lukku voru gagnvirkir skjáir sem skólarnir áttu og notuðu í verkefninu. Þessir skjáir eru eins og risastórar spjaldtölvur sem nýtast mjög vel við leik og kennslu. 65“ gagnvirkur skjár hefur verið keyptur fyrir Leikholt og er verið að vinna að því að koma honum í notkun. Elín Anna og Sirrý stýra verkefninu í Leikholti og hafa þær útbúið ítarlega kennsluáætlun, á íslensku og ensku. Þessa dagana eru börnin í tveimur elstu árgöngunum að vinna eftir kennsluáætluninni ásamt kennurum og gengur vel. Það sem er verið að rækta þessa dagana eru jarðarberjaplöntur (erum að rækta frá fræjum og svo fengum við líka tilbúna plöntur), gulrótarplöntur, avókadoplöntur,

sítrónuplöntur, vatnsmelónuplöntur, blæjuberjaplöntur, tómataplöntur og mangóplanta. Flest er ræktað frá fræjum úr ávöxtunum sjálfum en við fengum að gjöf jarðarberjaplöntur frá Silfurtúni og tómataplöntur frá Skaftholti. Við erum mjög spennt fyrir þessu verkefni og taka börnin virkan þátt í öllu ferlinu.



Við óskum íbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps gleðilegs sumars, með kærri þökk fyrir veturinn!



Almennur fundur um ársreikning Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2018.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps boðar til almenns fundar fimmtudaginn 16 maí nk. kl. 20.30 í Árnesi. Aðalefni fundarins verður kynning Ársreiknings sveitarfélagsins fyrir árið 2018.

Dagskrá fundarins:

1. Sveitarstjóri og oddviti fara yfir helstu atriði í Ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2018.
2. Fyrirspurnir.
3. Önnur mál.

Sveitarstjórn